



Skipulagsstofnun

# Er aðalskipulagið í takt við tímann?

## Endurskoðun aðalskipulags – tilefni og þörf

Skipulagsdagurinn 29. ágúst 2014  
Birna Björk Árnadóttir

- Ákvæði skipulagslaga
- Greiðsla úr skipulagssjóði
- Staðan í sveitarfélaginu – hafa forsendur breyst?
- Samræmi við stefnu stjórnvalda og aðrar áætlanir
- Áskoranir
- Er þörf á endurskoðun?
- Ákvörðun sveitarstjórnar

# Hvað segja lögin um endurskoðun aðalskipulags?

Í kjölfar kosninga ákveður sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið.

Málsmeðferð endurskoðunar er sú sama og gerð nýs aðalskipulags.

Ákvörðun sveitarstjórnar um endurskoðun skal að jafnaði liggja fyrir innan tólf mánaða frá sveitarstjórnarkosningum.

Niðurstaðan skal tilkynnt Skipulagsstofnun þegar hún liggur fyrir.



Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Akranes og Akureyri fá helming innheimtra skipulagsgjalda yfirfærðan árlega úr skipulagssjóði til að kosta skipulagsgerð.

Önnur sveitarfélög geta fengið allt að helming kostnaðar við endurskoðun aðalskipulags greiddan úr skipulagssjóði.

Sótt erum greiðslur úr sjóðnum til Skipulagsstofnunar.

Með umsókn þarf að skila sundurliðaðri og tímasettri verk- og kostnaðaráætlun vegna endurskoðunarinnar.

Lýsing fyrir skipulagsverkefninu þarf að fylgja umsókn um greiðsluþátttöku úr skipulagssjóði.

Fyrsta skrefið er að fá góða yfirsýn yfir stöðu mála með því að taka saman yfirlit yfir stöðu og þróun síðustu ára:

- Samfélagsleg þróun
  - Íbúapróun, aldursdreifing, húsnæðismál, búsetumynstur
- Efnahagsleg þróun
  - Atvinnumál, landbúnaður, ferðamennska, frístundabyggð, auðlindir, virkjanir og raforkuflutningar
- Umhverfismál
  - Lífríki, verndarsvæði, landslag, vatn, loft, fráveitur, náttúrvá, niðurstöður vöktunar
- Samgöngumál,
  - Vegir, stígar og slóðar, ferðamátar, hafnir, flugvellir
- Sameining sveitarfélaga – samstarf sveitarfélaga

Greining á framangreindum atriðum er góður grunnur til að undirbyggja ákvörðun skipulagsyfirvalda um hvort þörf sé á að endurskoða aðalskipulagið.

- Eru forsendur aðalskipulagsins enn í gildi ?
- Endurspeglar staðan í dag þá stefnu sem sett var í aðalskipulaginu – erum við á réttri leið?

Mætir stefnan þörf fyrir fjölda og tegund húsnæðis?

- Hvernig hefur gengið að framfylgja aðalskipulaginu?
- Hvað segja niðurstöður vöktunar?
- Kallar þróun síðustu ára á viðbrögð í aðalskipulagi?



Landsskipulagsstefna er endurskoðuð á 4 ára fresti.


Stefnt er að því að landsskipulagsstefna 2015-2026 taki gildi á næsta ári.

Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við endurskoðun aðalskipulags og samræma eftir því sem við á, innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.





- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum
- Áætlun um eflingu græna hagkerfisins
- **Áætlun um vernd og nýtingu landssvæða 2013**
- Byggðaáætlun 2014-2017
- Ferðamálaáætlun
- Fjarskiptaáætlun 2011-2022
- Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks
- Framtíðarskipan húsnæðismála
- Heilsustefna, heilsa er allra hagur
- Kerfisáætlun - Fimm ára áætlun 2013-2017
- Landgræðsluáætlun 2003-2014
- Landsáætlun um úrgang 2013-2024
- Líffræðileg fjölbreytni – stefnumörkun Íslands
- Menningarstefna í mannvirkjagerð
- Náttúruverndaráætlun 2009-2013
- Samgönguáætlun 2011-2022
- Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013





Verndar- og orkunýtingaráætlun var samþykkt á Alþingi í janúar 2013.

Verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi fyrir skipulagsáætlanir sveitarfélaga og skulu þær samræmdar verndar- og orkunýtingaráætlun innan fjögurra ára frá samþykkt hennar, þ.e. fyrir janúar 2017.

Við mat á endurskoðun skal skoðað hvort samræma þurfi stefnu aðalskipulags um landnotkun við verndar- og orkunýtingaráætlun .

Áætlunin tekur til virkjunarkosta í nýtingarflokki, biðflokkki og verndarflokki.

Ákvæði um landnotkun fyrir virkjunarkosti samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun er skilgreind í skipulagsreglugerð.

Heimilt er að fresta samræmingu við verndar- og orkunýtingaráætlun í allt að 10 ár.

Samþykkt sveitarstjórnar um að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun skal tilkynnt Skipulagsstofnun innan árs frá samþykkt Alþingis.

Á meðan er farið með landnotkun eins og landsvæði í biðflokki og það skilgreint sem slíkt við næstu endurskoðun aðalskipulags

Engar ákvarðanir um frestun hafa verið tilkynntar til Skipulagsstofnunar frá því að verndar- og orkunýtingaráætlun var samþykkt.



- Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015
  - fellur úr gildi þegar landsskipulagsstefna hefur verið samþykkt
- Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðis 2001-2024
  - í endurskoðun fyrir tímabilið 2015-2040
- Svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu
- Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024
- Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024
- Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025
- Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2016
  - er í vinnslu og málsmeðferð



- Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga.
- Verndaráætlanir s.s. stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökuls, verndaráætlun Mývatns og Laxár og verndaráætlun Breiðafjarðar.
- Svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs.
- Vatnaáætlun – liður í innleiðingu vatnatilskipunar (í vinnslu).
- Hættumat vegna ofanflóða eða flóða í ám og vötnum.
- Nýtingaráætlun strandsvæðis Arnarfjarðar 2012-2024 (stefna sveitarfélaganna).
- Suðurhálandið: Rammaskipulag fyrir Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Skaftárhrepp norðan Mýrdalsjökuls (stefna sveitarfélaganna).
- Strandsvæði: Ísafjarðardjúp og Jökulfirðir (stefna í vinnslu).
  
- Samstarf og samvinna sveitarfélaga á öðrum sviðum.

# Hvernig á að takast á við áskoranir – hvar liggja tækifærin?

Íbúapróun og aldurssamsetning

Íbúðapörf og leiguhúsnæði

Búsetumynstur og þjónusta

Samgöngumál

Ferðapjónusta og uppbygging





# Hvernig á að takast á við áskoranir – hvar liggja tækifærin?

Nýir kostir í orkuöflun - vindorka

Raforkuflutningar

Landnýting landbúnaðarsvæða

Landslags- og náttúruvernd

Loftslagsbreytingar og náttúruvá



# Hvernig styður stefna aðalskipulagsins við markmið skipulagslaga og sjónarmið um sjálfbæra þróun?

- **Styður stefnan við vistvænt byggðamynstur?**
- Tryggir stefnan blöndun íbúðarbyggðar við aðra starfsemi?
- Mætir stefnan þörf um samfélagsþjónustu eins og skóla, öldrunaþjónustu og heilsugæslu?
- Styður stefnan við fjölgun grænna starfa?
- Gerir stefnan ráð fyrir uppbyggingu innviða fyrir atvinnulífið, þ.m.t. ferðaþjónustu?
- Styður stefnan við fjárfestingu í menntun, vísindum og nýsköpun?
- Tryggir fjarskiptanet jafna aðstöðu íbúa til að nýta sér möguleika upplýsingatækni?
- Styður stefnan við orkusparnað og að dregið sé úr nýtingu á jarðefnaeldsneyti?
- Miðar stefnan að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?
- **Ýtir stefnan undir aukinn hlut vistvænna samgöngumáta?**
- Styður stefnan við sjálfbæra nýtingu náttúrulegra auðlinda?



# Hvernig styður stefna aðalskipulagsins við markmið skipulagslaga og sjónarmið um sjálfbæra þróun?

- Hefur landbúnaðarland verið flokkað eftir nýtingarmöguleikum til ræktunar og annarrar landbúnaðarframleiðslu?
- **Tryggir stefnan verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni?**
- Stuðlar stefnan að eflingu gróðurs og jarðvegs, sjálfbærri landnýtingu og kolefnisbindingu?
- Tryggir stefna um vatn og vatnsvernd heilnæmt og ómengað vatn til neyslu og annarra nytja?
- Stuðlar stefnan að því að mengun í ám, vötnum og strandsjó verði lágmörkuð?
- **Tekur stefna tillit til og lágmarkar hættu vegna náttúruvár?**
- Er miðað að því að draga úr myndun úrgangs og að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið?
- Lágmarkar stefnan hávaða og loftmengun?

Í umfjöllun um þörf á endurskoðun má spyrja eftirfarandi spurninga:

- Er aðalskipulagið í takt við stöðu og þróun mála?
- Framtíðarsýn og meginmarkið - hvernig standast þau?
- Hvernig hefur gengið að framfylgja aðalskipulaginu?
- Hefur aðalskipulagið reynst það stjórnþæki sem lagt var upp með?
- Þarf oft að breyta aðalskipulaginu og þá af hverju?
- Er skipulagi frestað á svæði sem taka þarf ákvörðun um?
- Kalla niðurstöður vöktunar á breytingar á stefnu aðalskipulags?
- Er aðalskipulagið í samræmi áætlanir stjórnvalda, lög og reglugerðir?
- Getur sveitarfélagið mætt áskorunum sem blasa við?
- Stuðlar aðalskipulagið að sjálfbærni og seiglu?



- Skipulagsnefnd fjallar um greinargerð um stöðu og þróun mála og setur fram rökstuðning um hvort þörf sé að endurskoða aðalskipulagið.
- Nefndin leggur niðurstöðu sína fyrir sveitarstjórn til ákvörðunar.
- Niðurstaðan getur verið að ekki þurfi að endurskoða alla þætti aðalskipulagsins heldur eingöngu tiltekin viðfangsefni.
- Endurskoðun felur þó ávallt í sér heildstæða nálgun þar sem skoðað er samhengi allra þátta og öll gögn eru uppfærð til að mynda heilstætt aðalskipulag.
- Ákvörðun sveitarstjórnar, ásamt greinargerð með rökstuðningi, er send Skipulagsstofnun.
- Hafi sveitarstjórn samþykkt að endurskoða aðalskipulagið nýtist greinargerð með ákvörðun um endurskoðun sem grunnur að lýsingu fyrir skipulagsverkefnið.
- Þegar ákvörðun um endurskoðun liggur fyrir tekur við skipulagsferli eins og um nýtt aðalskipulag sé að ræða.



# Takk fyrir !